

Skólaráðsfundur 12. febrúar 2025

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar og ritari fundar, Erna Ýr Styrkársdóttir námsráðgjafi, Eggert Thorberg Kjartansson aðstoðarforstöðumaður í Skólaseli, Lilja Hrönn Einaradóttir forstöðumaður í Skólaseli, Lilja Ruth Beck kennari, Árni Brynjólfsson fulltrúi foreldrafélags, Ingólfur Finnbogason fulltrúi foreldra, Ragnhildur Lára Ragnarsdóttir og Róbert Blær Bjarnason fulltrúar nemenda.

Skóladagatal 2025 – 2026 lagt til samþykktar fyrir skólaráð. Farið var vel yfir skóladagatalið og útskýrt fyrir fulltrúum í skólaráði. Skóladagatal var samþykkt í skólaráði.

Niðurstöður lesfimi – janúar fyrirlögn. Niðurstöðurnar fyrir Ártúnsskóla eru mjög góðar. Einn bekkur aðeins undir, annars eru árgangarnir jafnir eða aðeins yfir landinu. Rætt um að lestrarsprettir skila árangri og börnin sækja í framhaldi meira í að lesa. Leikskólinn tekur einnig þátt í þessum verkefnum.

Fjárhagsstaða um áramót. Grunnskólinn var 1,8% yfir fjárhagsheimild, leikskóladeild 20,1% og frístund var 22,2% yfir fjárhagsheimild um áramót. Þegar búið er að taka tillit til alls þá er leikskóli og grunnskóli réttu megin við núllið. Viðhaldskostnaður á leikskólann féll á hann sem á ekki að vera. Ekki komið úthlutunarlíkan fyrir frístund, þörf á gegnsæi þar.

Starfsþróunarsamtöl eru hafin, Ellen og Bára eru byrjaðar, Hanna Sóley og Lilja byrja eftir vetrarleyfi. Skipulag fyrir næsta ár hefst að því loknu. Samkvæmt Bjargey eru 17 börn sem eru á lista í 1. bekk næsta haust, það mun þó líklega breytast. Umræður sköpuðust að möguleiki að börn sem flytja í nýja hverfið á Höfða komi í Ártúnsskóla.

Umræða um að gott er að hafa sameiginleg vetrarfrí í Reykjavík, jákvætt að vettvangsferðardagurinn er farin út af skóladagatali því árgangarnir eru oft í ferðum á vordögum.

Stjórn foreldrafélagsins mun koma með dagssetningar fyrir næsta skólaár með vorinu.

Ritari Hanna Sóley Helgadóttir